

1973

Föstudaginn 5. nóvember 1993.

Nr. 403/1993. Ísafoldarprentsmiðja hf. og
Nýja kökhusið hf.

gegn

Pýsk-íslenska hf.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. september sl., er barst réttinum 30. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til h-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að „ákveða endurflutning málsins“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Mál það, sem aðilar kærumálsins reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, var tekið til dóms að loknum aðalflutningi 29. apríl sl. Hinn 6. júlí var málið endurupptekið með skírskotun til 104. gr. laga nr. 91/1991. Var þá fært til bókar eftirfarandi:

„Stefnanda er gefinn kostur á að upplýsa t. d. með dómkvaðningu matsmanna:

1. Hvað hefðu verið eðlilegar leigutekjur fyrir sambærilegt verslunarhúsnæði á tímabilinu frá 1. nóvember 1988 til 15. nóvember 1990?

2. Hverjir hefðu verið möguleikar á útleigu á verslunarhúsnæði á þessum tíma?“

Sóknaraðili (stefndi í héraði) krafðist úrskurðar um frestun málsins í þessu skyni. Kröfu sína í kærumálinu reisir hann meðal annars á því, að ákvörðun héraðsdómara um frestun málsins til gagnaöflunar eigi ekki stöð í 104. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili reisir aðalkröfu sínar á því, að kæra úrskurðarins sé ekki heimil, og vísar um það til 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt 104. gr. laga nr. 91/1991, sem er efnislega samhljóða

hliðstæðu ákvæði, sem var í 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936, getur héraðsdómari eftir dómtöku máls gefið aðilum kost á öflun gagna, þegar svo stendur á sem í lagagreininni segir, telji hann þess þörf. Er héraðsdómara heimilt samkvæmt ákvæðinu að fresta máli á eindæmi sitt eftir þörfum í þessu skyni. Úrskurður héraðsdómara um gagnaöflun samkvæmt nefndu lagaákvæði og frestun máls ex officio vegna hennar sætir ekki kæru til Hæstaréttar samkvæmt hlið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991, og um aðra heimild til kæru slíks úrskurðar er ekki að ræða.

Samkvæmt því ber að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Varnaraðili hefur ekki krafist kærumálskostnaðar, og fellur hann niður.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. ágúst 1993.

Hinn 6. apríl sl. tók Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari, við máli þessu vegna veikindaforfalla Jónasar Gústavssonar héraðsdómara. Þá hafði verið ákveðinn aðalflutningur í málinu 29. apríl. Settur héraðsdómari ákvað að láta aðalflutning málsins fara fram, svo sem ákveðið hafði verið.

Dómkröfur stefnanda, Þýsk-íslenska hf., eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 8.601.843,50 kr., með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári, sbr. II. og III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. breytingarlög nr. 67/1989 frá 23. ágúst 1991 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Dómkröfur stefndu, Ísafoldarprentsmiðju hf. og Nýja kökuhússins hf., eru þær, að hin stefndu félög verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar.

Rétt þykir að reifa málavexti og málsástæður aðila.

Krafa stefnanda er reist á ætluðum afhendingardrætti á húsnæði, sem stefnandi keypti af stefndu í Kringlunni 6, Reykjavík, sem samkvæmt kaupsamningi skyldi afhenda á tímabilinu frá ágúst til október 1988. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að afhending hafi ekki farið fram fyrr en í júní 1991. Er Borgarkringlan hf. keypti hlut stefndu í Kringlunni 6, voru stefnanda greiddar bætur vegna afhendingardráttar á tímabilinu frá 1. nóvember 1988 til 15. nóvember 1990.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að um afhendingardrátt sé að ræða. Því er enn fremur haldið fram af hálfu stefndu, að bótakrafa eigi ekki við rök að styðjast. Þá hafi Borgarkringlan hf. greitt stefnanda bæt看 án skyldu vegna ætlaðs afhendingardráttar, og eigi stefnandi ekki rétt á frekari bótagreiðslu.

Eftir dómtöku málsins varð settum héraðsdómara ljóst, að til bóta hefði verið, ef legið hefðu fyrir við dómtöku málsins upplýsingar um leigutekjur sambærilegs verslunarhúsnæðis á tímabilinu 1. nóvember 1988 til 15. nóvember 1990, og enn fremur, hverjir hefðu verið möguleikar á útleigu á verslunarhúsnæði á þessum tíma.

Vegna anna dómara og lögmannna stefnanda og stefndu reyndist ekki unnt að endurupptaka málið fyrr en 6. júlí sl. Í því þinghaldi voru framangreind sjónarmið kynnt lögmonnum aðila.

Lögmaður stefndu mótmælti því, að stefnanda yrði veittur frestur til þess að afla frekari gagna, og krafðist þess, að endurflutningur yrði ákveðinn án tafar vegna dráttar á dómsuppsögu.

Samkvæmt 104. gr. laga nr. 91/1991 hefur dómari heimild til endurupptöku máls, verði hann þess var eftir dómtöku máls, að verulegur brestur sé á skýrleika í yfirlýsingum aðila eða upplýsingum um málsatvik og telja megi brestinn stafa af því, að dómari hafi ekki gætt nægjanlega að leiðbeiningum við aðila eða ábendingum til þeirra. Veitir greinin dómara heimild til þess að kalla aðila fyrir dóm og eftir atvikum beina til þeirra spurningum eða benda þeim á nauðsyn þess, að frekari gagna verði aflað.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, er kröfu lögmanns stefndu um endurflutning málsins og dómtöku á þessu stigi hafnað, en lögmanni stefnanda veittur frestur til að koma að áðurgreindum upplýsingum, áður en málið er endurflutt og dómtekið að nýju.

Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist vegna embættisanna dómara.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefndu, Ísafoldarprentsmiðju hf. og Nýja kökuhússins hf., um endurflutning málsins og dómtöku nú er hafnað.

Stefnanda, Þýsk-íslenska hf., er veittur frestur til þess að koma að frekari gögnum í málið fyrir endurflutning þess og dómtöku.